


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	<b>Áfangaheiti ENSK 3 VG 05</b>	<b>Námsáætlun haustönn 2016</b>

<b>Kennari</b>	Guðjón Ólafsson	<b>Sk.st.</b>	GÓL
----------------	-----------------	---------------	-----

### Áfangalýsing:

Námið miðar að því að nemendinn auki færni sína í enskri tungu og bæti bæði vísindaorðaforða og almennan orðaforða svo og málskilning. Nemandinn er þjálfður í ritun með ýmsum verkefnum sem tengjast vísindum. Einnig er nemandinn þjálfður í töluðu máli, bæði með umræðum og formlegum fyrirlestrum. Fjallað er um siðferðileg álitamál vísinda og samfélagslega ábyrgð.

### Markmið:

#### Þekkingarviðmið

##### Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- enskum orðaforða og hugtökum sem tengjast vísindum
- orðaforða sem gerir honum kleift að tileinka sér með góðu móti lesefni í áframhaldandi námi eða starfi
- siðfræði vísinda, til dæmis í umhverfismálum, og samfélagslegri ábyrgð
- mismunandi málsniði enskrar tungu

#### Leikniviðmið

##### Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa sér til gagns fræðilegar greinar um efni tengd vísindum
- skilja talað mál sem fjallar um vísindi, til dæmis fyrirlestra
- taka virkan þátt í samræðum um vísindaleg málefni
- tjá sig munnlega, bæði formlega og óformlega, um efni sem tengjast vísindum sem hann hefur kynnt sér og undirbúið
- skrifa og skilja ýmiss konar texta sem tengist vísindum, meðal annars útdrætti, skýrslur og rannsóknarritgerðir
- beita málinu í mismunandi tilgangi, fræðilegum og persónulegum, með stílbrigðum og málsniði sem við á og mætir hæfniviðmiðum þrepsins

#### Hæfniviðmið

##### Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja megininntak erinda og rökræðna sem fjallað er um í áfanganum
- tileinka sér efni ritaðs texta sem tengist vísindum og nýta á mismunandi hátt
- taka þátt í umræðum og færa rök fyrir máli sínu um vísindaleg málefni
- tjá sig á skýran og áheyrilegan hátt um málefni sem tengjast vísindum
- skrifa texta um efni sem tengist vísindum og fylgja þeim ritunarhefðum sem eiga við
- nýta sér upplýsingatækni til fróðleiks og rannsókna
- geta lagt gagnrýnið mat á texta
- nýta sér fræðitexta og meta gildi heimilda


### Námsgögn:

*English for Science* (skrifstofa)

*Animal Farm* e. George Orwell, allar óstytta útgáfur (bókabúðir).

### Verkefni:

Nemendur skila verkefnum úr skáldsögu, stílum og orðaforðaverkefnum úr lesköflum, vinna vefæfingar í málfræði og flytja munnlega kynningu á völdu sérverkefni.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	<b>Áfangaheiti ENSK 3 VG 05</b> <b>Námsáætlun haustönn 2016</b>	

### Námsmat og vægi námsþátta:

<b>Matsform:</b>	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
<b>Námsmatsþættir</b>	<b>Lýsing námsmatsþátta</b>	<b>Vægi</b>	
Verkefni úr <i>Animal Farm</i>	5 próf/verkefni, 4 bestu gilda til einkunnar.	10%	
Kynningarverkefni	Nemendur kynna ákveðið málefni tengt lesefni. Jafningjamat (40% á móti kennara).	15%	
Þátttökueinkunn	Stílar, þýðingar, vefæingar og annað sem nemendur gera heima og í kennslustundum.	10%	
Kaflapróf	Fjögur kaflapróf, 3 bestu gilda til einkunnar.	50%	
Munnlegt próf	Tekið í síðustu kennsluviku.	15%	
<b>Samtals:</b>			<b>100%</b>

### Áætlun um yfirferð:

Eftir miðja önn flytja nemendur kynningu á viðfangsefni sem tengist lesefni áfangans. Að öðru leyti verður um jafna yfirferð að ræða á skáldsögu og köflum og verkefnum úr leshefti.

Lota 1 15. ág – 2. sept	Lesnir kaflar 1 og 2 í leshefti, unnið með málfræði- og orðaforðaatríði.	Kaflapróf 1.
Lota 2 5. sept – 23. sept	Lesnir kaflar 3 og 4 í leshefti, unnið með málfræðiatríði. Umfjöllun um skáldverk hefst og byrjað að vinna vikuleg verkefni úr henni.	Vikuleg verkefni úr skáldsögu. Kaflapróf 2
Lota 3 26. sept – 7 okt	Lesinn kafli 5 í leshefti. Áfram unnið með málfræði og málnotkun. Lestur skáldsögu heldur áfram og nemendur halda áfram að gera vikuleg verkefni úr henni.	Vikuleg verkefni úr skáldsögu.
Lota 4 10. okt – 21. okt	Kafli 6 í leshefti tekinn fyrir auk málfræði- og orðaforðaverkefna. Vikulegum verkefnum úr skáldsögu lokið. Undirbúningur hafinn að vinnslu kynningarverkefnis.	Vikuleg verkefni úr skáldsögu. Kaflapróf 3
Lota 5 24. okt – 11. nóv	Lesnir kaflar 7 og 8 auk viðeigandi verkefna. Nemendur kynna valið viðfangsefni.	Kaflapróf 4.
Lota 6 14. nóv – 2. des	Lesnir kaflar 9 og 10 og verkefni unnin úr leshefti. Umræður og upprifjun.	Munnlegt próf í síðustu kennsluviku.

Nemendum **ber að skila öllum verkefnum** sem sett eru fyrir og halda sig innan þeirra marka sem kveðið er á um mætingu. Skilafrestur rennur út á miðnætti á skiladag. Skilafrestur verður ekki framlengdur nema við sérstakar aðstæður. Sé verkefni ekki skilað jafngildir það 0 í einkunn. Ekki verður boðið upp á sjúkra- eða endurtektarpróf í prófum og verkefnum.

Verði nemandi uppvís að ritstuldi við samningu ritgerða eða annarra verkefna fær hann einkunnina 0,0 fyrir viðkomandi verkefni. Endurtekin brot geta varðað brottvikningu úr áfanganum!

Dagsetning: 14. september 2016

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils